
Reykjavík, 3. nóvember 2026
USK26080199

Njörvasund 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa
Lögð fram fyrirspurn Bjargar Ólínudóttur, dags. 17. ágúst 2026, um að reisa bílskúr á lóð nr. 9 við Njörvasund. Einnig lögð fram skissa ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Mæliblað


Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Njörvasundi 9 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB25 Sund.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Grenndarkynna skal því allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 9 við Njörvasund er fjölbýlishús, með þrem íbúðum. Húsið er tvær hæðir með kjallara. Samkvæmt fasteignaskrá var húsið byggt árið 1960.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort að koma megi fyrir bílskúr á lóðinni.

Samkvæmt gildandi mæliblaði er á lóðinni eitt bílastæði sem og byggingarreitur fyrir bílskúr. Það eru því ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við að koma fyrir bílskúr á lóðinni.

Staðsetning bílskúrsins samkvæmt meðfylgjandi skissu, ódags. er innan þess byggingarreits sem sýndur er á mæliblaði. Á skissu er bílskúrinn 36 m^2 að flatarmáli. Þakið er einhalla og er hæð bílskúrsins frá jörðu 2.741 m til 3.152 m.

Byggðin við Njörvasund einkennist af stakstæðum íbúðarhúsum, ýmist fjölbýli með 2-4 íbúðum eða einbýli. Stakstæðir einfaldir bílskúrar eru algengir í hverfinu og eru almennt 30-40 m2 og 2,5-3 m á hæð.

Bent er á að þegar sótt er um byggingarleyfi til þess að koma bílskúrnum fyrir þarf samþykki aðliggjandi lóðarhafa þar sem bílskúrinn er staðsettur við lóðarmörk Njörvasunds 9 og Njörvasunds 7. Að auki skal grenndarkynna erindið þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi.

Reykjavík

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Sækja skal um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

Reykjavík